



## IÐNFRÆÐI

### Fjölbreytt diplómanám í fjarnámi með möguleikum á framhaldsnámi

Í tækni- og verkfræðideild er boðið upp á iðnfræði sem er hagnýtt 90 ECTS eininga nám á háskólastigi. Markmið námsins er að styrkja stöðu nemenda á vinnumarkaði og gera þá hæfari til að takast á við fleiri og fjölbreyttari störf. Iðnfræði er eingöngu kennd í fjarnámi og er gert ráð fyrir að námið taki þrjú ár samhliða vinnu. Með því að stunda fullt nám má ljúka iðnfræði á einu og hálfu ári. Víða á landsbyggðinni fá nemendur aðstöðu til hópinnu í starfsstöðvum, en á höfuðborgarsvæðinu býðst nemendum vinnuaðstaða í skólanum. Skilyrði fyrir inngöngu er iðnmenntun að viðbætti einni önn á frumgreinasviði HR eða sambærilegur undirbúningur. Námið skiptist í þrjú svið: byggingariðnfræði, rafiðnfræði og véliðnfræði. Nemandi þarf að hafa lokið sveinsprófi í iðngrein á viðkomandi sviði og veitir námið þá rétt til meistaraþréfs. Í iðnfræðináminu bæta nemendur verulega við þekkingu og færni á sínu fagsviði, en náminu lýkur með lokaverkefni þar sem þeir sýna fram á verkþekkingu og faglega hæfni við tæknilegar úrlausnir í hönnun, skipulagningu og þróun.

#### BYGGINGARIÐNFRÆÐI

Helstu námsgreinar eru byggingarfræði, burðarþolsfræði, efnisfræði, rekstur og stjórnun, ásamt hagnýtu lokaverkefni. Byggingariðnfræðingar starfa á arkitekta- og verkfræðistofum, við byggingaefirlit eða sem stjórnendur á byggingarstað. Þeim sem ljúka námi í byggingariðnfræði býðst að halda áfram í 120 ECTS eininga nám í byggingarfræði.

#### RAFIDNFRÆÐI

Helstu námsgreinar eru rafmagns-, tölvu- og rekstrargreinar, ásamt hagnýtu lokaverkefni. Starfssvið rafiðnfræðinga er fjölbreytt en þeir starfa gjarnan við hlið verk- og tækniþræðinga á verkfræðistofum og sem verkstjórnendur.

#### VÉLIÐNFRÆÐI

Í véliðnfræði er áhersla á véltæknilegar greinar, tölvuhönnun, rekstur og stjórnun fyrirtækja, ásamt hagnýtu lokaverkefni. Einnig er fengist við umhverfisfræði, endurvinnslu, verkefnavinnu í raunumhverfi og notkun tölvuforrita við lausn verkefna. Í atvinnulífinu starfa véliðnfræðingar við fjölbreytt verkefni svo sem á verkfræðistofum, við framleiðslustjórnun, rekstur og stjórnun fyrirtækja á vélasviði.

#### NÁNARI UPPLÝSINGAR:

Vilborg Jónudóttir, deildarfulltrúi  
Netfang: vilborg@ru.is  
Sími: 599 6255





## IÐNFRÆÐI

	BYGGINGARIÐNFRÆÐI	RAFIÐNFRÆÐI	VÉLIÐNFRÆÐI
1. önn	Burðarþolsfræði Tölvustudd teikning Bókfærsla og reikningshald	Rafmagnsfræði Tölvustudd teikning Bókfærsla og reikningshald	Burðarþolsfræði Tölvustudd teikning Bókfærsla og reikningshald
2. önn	Burðarþol byggingarvirkja Byggingarfræði - byggingartækni Stjórnun, rekstur og öryggi	Rafeindatækni Raforkukerfisfræði og rafvélar Stjórnun, rekstur og öryggi	Véhlutafræði Tölvustudd hönnun Stjórnun, rekstur og öryggi
3. önn	Hitunarfræði og lagnir Efnisfræði - steinsteypa - viðhald	Stafræn tækni Iðntölvustýringar og mælingar Lýsingartækni og reglugerð	Stafræn tækni Efnisfræði og framleiðslutækni Véltæknileg hönnun
4. önn	Efnis- og byggingaeðlisfræði Framkvæmdafræði Jarðtækni	Iðntölvustýringar og mælitækni Raflagnahönnun	Varma- og rennslisfræði Framkvæmdafræði og verkstjórn
5. önn	Landmælingar Lögfræði	Reglunar- og kraftrafeindatækni Lögfræði	Iðntölvustýringar og mælingar Lögfræði
6. önn	Lokaverkefni	Lokaverkefni	Lokaverkefni

### REKSTRARIÐNFRÆÐI

Nám í rekstrariðnfræði er 30 ECTS einingar í fjarnámi og er eingöngu ætlað þeim sem lokið hafa byggingar-, vél- eða rafiðnfræði. Námsgreinar eru fjármálastjórnun, nýsköpun og stofnun fyrirtækja, hagfræði, rekstrargreining og fjármál fyrirtækja.

### BYGGINGAFRÆÐI

Nám í byggingafræði er 120 ECTS eininga viðbót við byggingariðnfræði, kennt í fjarnámi með verkefnalotum í staðarnámi, og er námið eingöngu ætlað þeim sem lokið hafa byggingariðnfræði. Að loknu samtals 210 ECTS eininga námi útskrifast nemendur með BSc-gráðu í byggingafræði.

### NÁNARI UPPLÝSINGAR

Verkefnisstjóri iðnfræðináms er:  
Jens Arnjótsson [jensarn@ru.is](mailto:jensarn@ru.is)

Deildarfulltrúi iðnfræðináms er:  
Vilborg Jónudóttir [vilborg@ru.is](mailto:vilborg@ru.is)

Sjá nánar um iðnfræði og byggingafræði [www.hr.is](http://www.hr.is)